

**AUGLÝSING**

167

14. sept.

**um vinnumiðlun í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 52 9. apríl 1956 um vinnumiðlun, hefur félagsmálaráðherra ákveðið að vinnumiðlun skuli starfrækt í Súðavíkurbreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Um framkvæmd vinnumiðlunarinnar fer eftir lögum nr. 52/1956 um vinnumiðlun og reglugerð um vinnumiðlun nr. 130/1956.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**AUGLÝSING**

168

14. sept.

**um að lög nr. 29 7. apríl 1956 um atvinnuleysistryggingar, skuli taka til Súðavíkurbrepps í Norður-Ísfjarðarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 4. gr. laga nr. 29/1956 um atvinnuleysistryggingar, hefur félagsmálaráðuneytið ákveðið að lög um atvinnuleysistryggingar skuli taka til Súðavíkurbrepps í Norður-Ísafjarðarsýslu.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. september 1960.*

F. h. r.

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

**REGLUGERÐ**

169

16. sept.

**um holræsi í Reykjavík.****I. KAFLI****Almenn ákvæði.****1. gr.**

Reglugerð þessi gildir um allt lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, nema annað sé tekið fram hér á eftir.

**2. gr.**

Bæjarstjórn ákveður lagningar holræsa, aðalæða og götuæða.  
Bæjarverkfræðingur sér um daglegan rekstur holræsakerfis bæjarins.